

## Ársskýrsla Holtasels og Versins 2012-2013

Hér að neðan verður farið í gegnum starfsemi Holtasels og Versins fyrir starfsárið 2012-2013. Skýrslan ætti að varpa ljósi á starfsemi Tómskundamiðstöðvarinnar í Hvaleyrarskóla.

### Frístundaheimilið Holtasel

Frístundaheimilið Holtasel býður upp á fjölbreytt starf fyrir nemendur í 1. – 4. bekk í Hvaleyrarskóla. Holtasel er staðsett á neðri hæð skólans. Starfsemin var í gangi alla virka daga frá 13:20 til 17:00 en hófst fyrr á daginn þegar skipulags- og skertir dagar voru í gangi. Lokað var á rauðum dögum og í vetrarfrí skólans.

Í byrjun skólaársins voru um 60 börn skráð í Holtasel. Fækkun átti sér stað yfir veturinn og voru þau orðin 45 talsins í maímánuð.

### **Innra starf**

Meginmarkmið starfsins var að bjóða börnum upp á skemmtilegt og krefjandi starf eftir að formlegu skólastarfi lauk á daginn. Lögð var áhersla á frjálsan leik þar sem börnin fá að velja sér það klúbbastarfi sem í boði var.

Boðið var upp á tvö föst klúbbastörf og áttu öll börnin sinn dag og tíma. Annar þeirra var tölvuklúbbur og fengu öll börnin að fara í tölvur í klukkutíma á viku. Við fengum afnot af tölvustofu skólans. Seinni klúbburinn var föndurklúbbur og fór hann fram í kofa sem er við hlið Hvaleyrarskóla. Þar komu saman átta börn og fengu að föndra ákveðin verkefni. Þetta vakti mikla ánægju hjá börnum og þá sérstaklega um jólin þar sem þau fengu að föndra jólaskraut og hlusta á jólalög. Með því að takmarka fjölda barna í þetta starf í hvert skipti náðum við að ná betur til barnanna og nutu þau sín betur þar sem umhverfið var mjög yfirvegað. Báðir klúbbarnir voru valfrjálsir og ef þau vildu ekki fara í þetta klúbbastarfi var það í lagi.

Í byrjun vorannar var ákveðið færa starf 3. og 4. bekkjar upp í VIP herbergið, sem er aðstaða félagsmiðstöðvarinnar. Tvær ástæður voru fyrir þessum breytingum. Í fyrsta lagi hafði 3. og 4. bekkur lítinn áhuga á að vera niðri í Holtaseli með 1. og 2. bekk og voru þar af leiðandi farin að finna fyrir miklum leiða í Holtaseli. Í leiðinni fækkaði fjöldi barna niðri í Holtaseli sem gerði andrúmsloftið léttara því að minni æsingur og læti áttu þá sér stað.

### **Starfsmannamál**

Þennan vetur störfuðu auk verkefnastjóra átta leiðbeinendur á haustönninni. Allir þeirra nema einn störfuðu í 50% starfshlutfalli. Þrír þessara starfsmanna voru stuðningsfulltrúar. Á vorönninni störfuðu sjö starfsmenn auk verkefnastjóra því einn þeirra fór frá störfum í skóla. Þar af leiðandi voru litlar starfsmannabreytingar í Holtaseli þennan vetur sem skiptir miklu máli fyrir börnin. Starfsmenn skólaárið 2012-2013 voru eftirfarandi:

Arnór Lovísuson,	50%
Aron Rafn Eðvarsson,	50% og með barn í stuðning
Bogi Agnar Gunnarsson,	50%
Hafsteinn Jökull Brynjólfsson,	50% og með barn í stuðning
Snædís Ólafsdóttir	50% og með barn í stuðning
Sveinbjörg Kristjánsdóttir	50%
Viktoría Dröfn Ólafsdóttir	50%
Þórdís Lilja Þórsdóttir	33%

## Lokaorð

Starfið í Holtaseli gekk yfir höfuð mjög vel. Nokkrir byrjunar örðugleikar áttu sér stað í byrjun og getur það einnig verið vegna mannaþreyinga, nýr verkefnastjóri og margir nýir leiðbeinendur. Lítil óhöpp urðu, bæði hvað varðar slys á börnum og var starfsfólkið mjög virkt í að skrá niður og senda börnin heim á réttum tímum. Ég tel að góður starfsandi og engar starfsmannaþreyingar yfir veturinn eigi góðan þátt í því.

## Félagsmiðstöðin Verið

Félagsmiðstöðin Verið bauð upp á fjölbreytt starf fyrir nemendur í 5. – 10. bekk í Hvaleyrarskóla en aðrir nemendur í Hafnarfirði voru einnig velkomnir í starf félagsmiðstöðvarinnar. Verið var staðsett í miðrými skólans á efri hæð.

Skipulagt starf Versins var frá byrjun september 2012 til miðjan maí 2013 og var starfsemin á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Skipulagið var svo hljóðandi:

Mánudagar:	17:00-19:00 – skipulagt starf fyrir miðdeild 19:00-22:00 – Skipulagt starf fyrir unglingsdeild
Miðvikudagar:	17:00-19:00 – Klúbbastarf fyrir unglingsdeild 19:00-22:00 – Skipulagt starf fyrir unglingsdeild
Föstudagar:	17:00-22:00 – Skipulagt starf fyrir unglingsdeild

Þátttaka unglingsanna var mjög mikil í byrjun skólaárs og komu allt að 40 nemendur í miðdeild og 50 nemendur í unglingsdeild. Þessar tölur fóru þó lækkandi með vetrinum og voru að meðaltali 10 nemendur að koma í Verið bæði í miðdeild og unglingsdeild. Þátttakan fór þó aftur að aukast með hækkandi sól eða á svipuðum tíma og starfinu lauk þennan vetur.

## Innra starf

Meginmarkmiðið með starfi Versins var að bjóða unglingsum í 5. – 7. bekk upp á virkt félagsstarf þar sem sérstök áhersla er lögð á að ná til unglingsa sem fundu sig ekki í öðru félagsstarfi og unglingsa í áhættuhópum. Lögð var áhersla á að hafa starfið fjölbreytt svo að allir myndu finna eitthvað við sitt hæfi.

Boðið var upp á lokað klúbbastarf fyrir stráka sem voru félagslegir til baka og átti starfsemin sér stað bæði fyrir utan og innan veggja skólans. Með starfinu var lögð áhersla á að styrkja þá félagslega svo þeir

taki virkan þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar og skólans. Starfið gekk vonum framár þar sem þessir drengir eru farnir að taka virkan þátt.

Einnig var öllum boðið að fara í ræðuklúbb þar sem reyndir menn kenndu unglíngunum listina við að koma fram. Starfið gekk vel og er ætlunin að bjóða upp á þennan klúbb á næsta ári.

### Starfsmannamál

Þennan vetur störfuðu auk verkefnastjóra sex leiðbeinendur. Allir störfuðu allan veturinn nema einn svo að litlar starfsmannabreytingar áttu sér stað í Verinu sem skiptir starfinu miklu máli. Starfshlutföll starfsmanna voru ólík en þau voru allt frá 17% til 36%. Starfsmenn Versins fyrir þetta skólaár voru eftirfarandi:

Andri Sigurðsson	30%
Ástþór Ernir Hrafnsson	36%
Bogi Agnar Gunnarsson	32%
Gunnar Bjarni Albertsson	17%
Hulda Hrund Sigmundsdóttir	17%
Þórdís Lilja Þórsdóttir	32%

Starfsmannafundir voru annan hvern þriðjudag þar sem farið var yfir starf Versins og næstu dagar skipulagðir.

### Lokaorð

Starfið í Verinu gekk yfir höfuð mjög vel. Nokkrir örðugleikar áttu sér stað sem starfsfólk Versins verður meðvitað um á næsta ári. Má þar til dæmis nefna að dreifa stærri viðburðum yfir veturinn og bjóða upp á meira starf á kvöldin því að unglíngarnir tóku meiri þátt í starfinu ef um skipulagt starf um að ræða. Enn fremur er mikilvægt að vera í meiri samskiptum við deildarstjóra og námsráðgjafa skólans og fá nöfn þeirra sem eru félagslega illa staddir og reyna fá þá einstaklinga til að taka þátt í starfi Versins.

Samskiptin við skólann voru yfir höfuð nokkuð góð. Gott samstarf var við skólastjóra, deildarstjóra miðdeildar og eldrideildar, námsráðgjafa og annað starfsfólk skólans. Það eru nokkur atriði sem mikilvægt er að bæta fyrir næsta vetur. Þennan vetur fékk félagsmiðstöðin til dæmis takmarkaðan aðgang að búrinu svo að ekki var hægt að spila tónlist á meðan börnin voru í Verinu nema að nota útvarp sem að var með lítil gæði.